

13 P.

# Fundargerð

## Fundar rekstrarstjórnar félagsheimilanna.

**Fundarstaður:** Þingborg

**Fundardagur:** Þriðjudagur 21. Október 2014.

**Fundartími:** 20:30-22:45

**Fundarmenn:** Stefán Geirsson, Rósa Matthíasdóttir, Anný Ingimarsdóttir, Veronika Narfadóttir, Rúnar Magnússon, Ingibjörg Einarsdóttir og Reynir Jónsson.

Formaður nefndarinnar Stefán Geirsson sett fund og bauð fundarmenn velkomna.

Rósa Matthíasdóttir ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### Tónahátíð:

- Skoðað hvaða listamenn eru í boði á Jólatónleikum sem ráðgerðir eru 22.11.2014 í Þingborg. Borist hefur munnleg tilboð um tónleikahald og að kostnaður sé kr. 700.000. Nefndarmenn vilja skoða aðra ódýrari kosti. Boðið verður uppá jólahlaðborð í Vatnsholti fyrir tónleikagesti fyrir kr. 4.900.
- Söngkvöld fyrsta vetrardag eða 25. 10.2014, kl. 20:30 verður í Þjórsáveri til heiðurs Ragnari Böðvarssyni. Boðið verður uppá léttar veitingar gegn vægu gjaldi á staðnum, en miðaverðið er kr. 2.000. Þessi viðburður hefur verið vel sóttur af heimamönnum á hverju ári.
- Nefndarmenn munu reyna af fremsta megni að höfða til sem flestra í hreppnum, þannig að góð aðsókn náist á alla þá viðburði sem ráðlagðir eru. Vanda til verka, gæta hófs í verðlagningu og auka á sýnileika viðburðanna.

#### Fjárhagsmál:

- Fá hjá sveitastjórn áætlaða upphæð á fjárhagsáætlun hreppsins, til rekstrarstjórnar félagsheimilanna fyrir fjárhagsárið 2015.
- Fá tímasetningu varðandi umsókn um menningarstyrki til Rekstrarstjórnar félagsheimilanna fyrir árið 2015.

#### Markaðsetning félagsheimilanna:

- Sú hugmynd kom upp, um möguleika að setja sér flípa á heimasíðu hreppsins merktur Félagshimilinn, þar undir kæmu myndir af húsakostum og hvaða þjónustu húsin hefðu uppá að bjóða ásamt verðum. Síðan yrði prentaðu einblöðungur með samskonar upplýsingum, sem yrði kynntur víða á Suðurlandi, s.s. starfsmannafélög, íþróttahreyfingar og fleiri til kynningar á tímum til útleigu í sal t.d. til íþróttaiðkanna. Átak þetta væri aðallega til að auka nýtingu á Félagslund, en Þjórsáver hefur verið bundið við skólann og Þingborg hefur verið mikið bókuð.

#### Viðhald:

- Umsjónarmaður fasteigna fór aðeins yfir stöðu mála, sem eru í vinnslu.